

Ed.

## 453. Nefndarálit

[173. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Meginefni þessa frv. er það, að lagt er til, að tollar af vélum, sem nú eru almennt 35%, verði lækkaðir í 25% af almennum iðnaðarvélum og í 15% eða 10% af vélum, sem notaðar eru í sjávarútvegi og landbúnaði, en slíkar vélar bera nú í sumum tilvikum allt niður í 10% toll. Lækkunin snertir því ekki allan vélainnflutning.

Þetta frv. hefur verið til athugunar í fjhn., og var nefndin sammála um, að framangreindar meginbreytingar stefni til bóta, svo langt sem þær ná. Hins vegar reyndust um það skiptar skoðanir, hvort breytingarnar, sem frv. gerir ráð fyrir, gengju viðunanlega langt til móts við þarfir atvinnuveganna og þá sérstaklega iðnaðarins, sem nú á mjög í vök að verjast, fyrst og fremst vegna hömlulitils innflutnings erlends iðnvarnings og stórminnkaðrar tollverndar á síðari árum.

Undirritaður er þeirrar skoðunar, að aðstaða þess iðnaðar, sem framleiðir fyrir innlenda markað, sé nú í mörgum greinum slík, að framtíð hans sé mikil hætta búin, ef ekki koma til mjög verulegar umbætur af hálfu löggjafarvaldsins varðandi samkeppnisaðstöðu hans gagnvart hinum erlenda innflutningi, sem sífellt er hleypt inn á fleiri og fleiri svið. Virðist í þeim efnum vera nærtækast að létta hinum innlenda iðnaði endurskipulagningu fyrirtækja sinna og endurnýjun á vélakosti og hvers konar tæknibúnaði með því m. a. að lækka eða fella niður þá háu tolla, sem verið hafa á vélum og tækjum iðnaðarins. Aðrar hliðar á sama máli eru svo lækkun tolla á hráefnum til iðnaðarins, hugsanleg aukin tollvernd í sumum tilvikum og úrbætur varðandi lánsfjármöguleika bæði til endurbóta og rekstrar.

Að undanförunu hefur átt sér stað stórfelldur samdráttur í fjölmörgum greinum innlends neyzlúiðnaðar, jafnvel svo, að komið hefur til algerrar framleiðslustöðvunar í einstökum tilvikum. Hefur þannig sannað, að hann hefur ekki, miðað við þær aðstæður, sem hann á við að búa af hálfu ríkisvaldsins, verið viðbúinn að mæta þeirri hörðu og oft óeðlilegu samkeppni, sem stefna núv. ríkisstjórnar hefur eflt gegn honum. Hér þarf því skjótra úrbóta við, ef ekki á af að hljótast stórfellt þjóðhagslegt tjón, og eins og áður segir, virðist nærtækast að létta svo að um muni þá fjárfestingarsköttun, sem á iðnaðinum hvílir umfram aðrar atvinnugreinar.

Breytingartillögur undirritaðs við frv. þetta, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali, miða því flestar að því að lækka tolla af vélum og tækjum til neyzlúiðnaðarins niður í sama tollflokk og sjávarútvegur og landbúnaður eiga hæstan við að búa, og virðist honum þar vera um lágmarksaðgerð að ræða til aðstöðujöfnunar atvinnuveganna á því sviði, sem hér um ræðir. Einnig hníga nokkrar breytingartill. í þá átt að færa tolla til véla og tækja landbúnaðarins niður til samræmis við hliðstæða tolla sjávarútvegsins. Þá flytur undirritaður nokkrar aðrar tillögur til breytinga á gildandi tollskrá, og eru þær helztu þær, að felldir verði niður tollar af pappír, hvort heldur er til blaða- eða bókaútgáfu. Og loks flytur hann þrjár breytingartillögur við heimildargrein laga um tollskrá. Í fyrsta lagi er þar lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að endurgreiða þeim, sem byggja í fyrsta skipti íbúð til eigin þarfa, aðflutningsgjöld af efnivörum til byggingarinnar, en þessi gjöld munu nú nema um 70000 kr. af meðalíbúð. Í öðru lagi er lagt til, að heimilt verði að endurgreiða aðflutningsgjöld af dráttarbrautum og hlutum til þeirra, en nokkrar dráttarbrautir eru nú í smíðum eða fyrirhugaðar, og eiga þeir aðilar, sem að þeim þjóðnýtu framkvæmdum standa, í miklum fjárhagsörðugleikum með þær framkvæmdir. Þar sem hér er um að ræða að skapa aðstöðu til óhjákvæmilegrar þjónustu við sjávarútveginn, virðist ekki óeðlilegt, að gjöld þessi séu felld niður. Loks er lagt til, að heimiluð verði endurgreiðsla tolla af kísilvélum til rafmagnsframleiðslu.

Undirritaður leggur til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hann flytur á sérstöku þskj.

Alþingi, 9. apríl 1965.

Björn Jónsson.